



Norðurljós hafa verið áberandi á Suðurlandi með tilkomu haustsins.
Ljósmynd: Hallgrímur Helgason.

Fyrsta skóflustungan að nýju íþróttahúsi í Árnosi

Fyrsta stunguskóflan að nýju fjölnota íþróttahúsi í Árnosi var tekin við mikinn fögnuð 18. september sl. Unglingadeild Þjórsárskóla, sem er jafnframt fyrsti bekkurinn sem klárar skólagöngu sína í Þjórsárskóla og verður elsti árgangur skólans í þrjú ár, tók skóflustunguna ásamt fulltrúum Ungmenna-

félags Skeiðamanna og Ungmennafélags Gnúpverja. Eftir athöfnina var gestum boðið upp á kaffi í Þjórsárskóla þar sem hægt var að sjá þær breytingar sem gerðar hafa verið innanhúss í sumar.

Um er að ræða eina stærstu framkvæmd í sögu Skeiða- og Gnúpverjahrepps sem mun gjör-

bylta aðstöðu til íþróttaiðkunar ásamt því að skapa forsendur fyrir samfellu í skóla-, frístunda- og íþróttastarfi. Íþróttahúsið verður 3.618 m² að stærð og í því verða, auk íþróttasals; búningsklefar, matsalur, skrifstofu- aðstaða og líkamsræktaraðstaða, ásamt því að gert er ráð fyrir að byggð verði sundlaug við húsið.



Selfoss spilar á Laugardalsvelli

Meistaraflokkur Selfoss karla spilar til úrslita í Fótbolta.net bikarum á föstudagskvöld þegar liðið mætir KFA á Þjóðarleikvanginum sjálfum, Laugardalsvelli. Leikurinn hefst klukkan 19:15

en Selfyssingar ætla að taka daginn hátiðlega og blása til veislu í miðbænum áður en rútur ferja stuðningsmenn á völlinn. Nánari dagskrá föstudagsins má sjá á samfélagsmiðlum Selfoss.

Fáðu fagmann í verkið

Framúrskarandi fyrirtæki 2023

PÍPULAGNIR
SUÐURLANDS

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656

TOYOTA RAV4

ÆVINTÝRIN BÍÐA ÞÍN

 Toyota
Selfossi



Toyota Selfossi
Fossnesi 14
480 8000





MANNVERK
FRAMKVÆMDIR
OG RÁÐGJÖF

Mannverk óskar eftir undirverktaka í staðsteypu fyrir tvö lítil hús ásamt viðamiklum garðveggjum, allt tengt stóru forsteyptu húsi.

Áhugasamir hafi samband við Þórunni s. 771 1108 eða thorunn@mannverk.is.



VÖFLUKAFFI

Við bjóðum í vöflukaffi næstkomandi laugardag!

kl. 11.00 28. september

Sal Framsóknar, Eyrarvegi 15

Sérstakur gestur:
Amar Freyr Ólafsson,
oddviti Framsóknar í Árborg

Öll velkomni!
Framsókn í Árborg

KEYRSLA.IS

Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - [f /keyrsla.is](https://www.facebook.com/keyrsla.is)



Mynd: Fjölbrautaskóli Suðurlands.

Byko og Bosch færðu trédeild FSu gjafir

Öryggismálin eru ofarlega á baugi í trédeild FSu og hefur það verið algjör skylda undanfarin ár að klæðast við-eigandi öryggisfatnaði við nám á húsasmíðabraut. Trédeildin á í frábæru samstarfi við fyrirtækin Byko og Haga sem gerir öllum nemendum deildarinnar kleift að klæðast vinnufötum af bestu gerð.

Formleg afhending á gjöfum frá Byko og Bosch til fyrstu annar nemenda fór fram 11. september síðastliðinn og um leið var haldið gott party í trédeild með veitingum, stuttum ræðum og spjalli.

Róbert á Bosch-bílnum kom og voru trédeildinni færðar frábærar gjafir. Tvær kexvélur sem ganga fyrir 18v rafhlöðu, tvo

handfræsara sem ganga fyrir 18v rafhlöðu og SDS borvél sem einnig gengur fyrir 18v rafhlöðu. Allar veitingar voru í boði styrktaraðila og færir trédeild FSu og skólinn í heild sinni þeim bestu þakkir.

Fjölbrautaskóli Suðurlands

Með blýantinn að vopni í FSu

Hefð hefur skapast fyrir því að nemendur í framhaldsáföngum í myndlist við Fjölbrautaskóla Suðurlands haldi sýningu á verkum sínum í opinberu rými. Nú eru það nemendur úr áfanganum Teikning framhald (MYNL3TK05) sem sýna verk sín í Listagjanni á Bókasafni Árborgar á Selfossi en verkin voru unnin á vorönn 2024. Sýningin kallast *Með blýantinn að vopni*.

Í áfanganum er unnið eingöngu með blýant og byggt verulega ofan á þekkingu, færni og kunnáttu frá fyrri áfanga. Áhersla var á raunsæja frihendisteikningu, formskynjun og fjarvídartækni og unnið markvisst með áferð og andstæður í skyggingum. Nemendur gerðu samanburð og tilraunir með myndbyggingu út frá raunsæi, afstrakt og súrrealisma. Nemendur þurftu að íhuga fjölmarga þætti við gerð hvers verks og



skiluðu sínum þælingum í formi greinargerðar í máli og myndum. Fjórir efnisflokkar eru til sýningar: 1) Náttúran nær og fjær, 2) Hlutir og dýr, 3) Andlit og umhverfi og 4) Lokaverkefni.

Sýningin verður í gangi til 10. október og opin á opnunartímum bókasafnsins.

Hægt er að skoða fleiri listaverk eftir nemendur FSu og má í því sambandi benda á tæplega 100 m langan vegg við bílastæði skólans. Þennan vegg hafa nemendur myndskreytt reglulega sl. tíu ár og þemað verið bókmenntir, sögur og ævintýri. Í vor gekk stór hluti veggjarins í endurnýjun lífdaga og því óhætt að mæla með göngu meðfram veggnum og ekki síður að hafa umgífið með sér og leika með hugmyndafluglið.

Það er stefna myndlistardeildarinnar að miðla verkum

nemenda sem víðast og til þess er vefsíða á Facebook sem heitir FSu myndlist, nýsköpun og miðlun. Þar má sjá úrval verka og æfinga úr þeim áföngum sem kenndir eru. Bæði þjónar síðan sem kennsluefni og ekki síður fyrir listunnendur að njóta.

Við FSu er gott framboð skapandi námsgreina sem hver um sig bjóða fram fjölmarga ólíka áfanga.

Auk myndlistar má nefna leiklist, textílhönnun, fabelab, grafíska hönnun og miðlun. Hægt er að taka stúdentspróf af Listalínu en það er ekki krafa að vera á Listalínunni til þess að fara í þessa áfanga og skilar það sér í fjölbreyttum hópi áhugasamra nemenda í skapandi greinum. Áhugasömum er bent að kynna sér málið og slást í hópinn.

Fjölbrautaskóli Suðurlands

OPNUM Í DAG

FIM. 26. SEPT. KL. 11:00

GLÆSILEGA OG ENDURBÆTTA
VERSLUN Á SELFOSSI

20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

AUK FJÖLDA FRÁBÆRRA SÉRTILBOÐA!



SKOÐA ÖLL
SÉRTILBOÐIN!



GILDIR AÐEINS Á SELFOSSI 26.09-30.09

Konurnar á Eyrarbakka með lokahóf um helgina

Sunnudaginn 29. september kl. 15-17 verður lokahóf sýningarinnar Konurnar á Eyrarbakka sem hefur verið í borðstofu Hússins á Eyrarbakka í sumar og vakið verðskuldaða athygli. Sýningin byggir á samnefndri viðtalsbók eftir Jónínu Óskarsdóttur sem kom út síðasta vetur og fjallar um hversdagslífi og afrek 38 kvenna, mæðra

þeirra og formæðra. Sýningin var gerð af Lindu Ásdísardóttur safnverði og Jónínu. Í lokahófinu verður boðið upp á söng Jónínu Eirnýjar Sigurðardóttur, lestur í bolla, afleggjaraskipti, fróðleiksmola, kaffi og kruderi. Jónína Óskarsdóttir verður með leiðsögn um sýninguna. Öll velkomin og ókeypis á viðburðinn.



Hvað getur samstíga foreldrafélag gert?

Þegar börnin okkar hefja sína skólagöngu, hvort sem er í leik- eða grunnskóla, tengjumst við foreldrar og forráðamenn sjálfkrafa og myndum foreldrafélag. Öll erum við hluti af þessu foreldrafélagi og er það hlutverk okkar að stuðla að farsælu samstarfi milli heimilis og skóla og ekki síður að opna samtöl á milli heimila.

Í Vallaskóla eru rúmlega 500 nemendur og því óhætt að segja að þar sé ansi stórt foreldrafélag sem hefur alla burði og hæfni til að gera frábæra hluti og stigið í sömu átt.

Samstíga foreldrafélag getur stutt við skólastarfið, verið hluti af því með uppbyggilegum hætti en ekki áhorfandi.

Þegar upp koma umræður um öryggi barna í skólum, aukid ofbeldi gagnvart nemendum og kennurum og líðan barna getum við ekki ætlast til að skólinn sjái um umræðuna og lausnina. Við sem foreldrafélag verðum að taka þátt í samtalinu og verða hluti af þeim úrræðum sem þarf að virkja. Við verðum að ræða

við börnin okkar og aðra foreldra. Við verðum að eiga opið samtal við starfsfólk skólans og spyrja: Hvað getum við gert? Við verðum að sýna ábyrgð, rísa upp og taka þátt.

Mánudaginn 30. september mun stjórn foreldrafélags Vallaskóla halda aðalfund í Austurrými skólans kl. 20. Á aðalfundi er tækifæri til að kynna sér starfið, kynnast öðrum og hafa áhrif.

Hlökkum til að sjá ykkur, Stjórn foreldrafélags Vallaskóla



- Samstíga foreldrafélag getur skipt gríðarlega miklu máli í skólagöngu barns.
- Samstíga foreldrafélag getur haft jákvæð áhrif á skólastarf sem leiðir til jákvæðrar upplifunar barna gagnvart skólunum sínum.
- Samstíga foreldrafélag á auðvelt með að ræða saman, leita lausna og komast að sam-eiginlegri niðurstöðu.

Vöflukaffi Framsóknar í Árborg

Fyrsta vöflukaffi Framsóknar í Árborg haustið 2024 var laugardaginn 21. september sl. í Framsóknarsalnum við Eyraveg á Selfossi. Sérstakur gestur var Hafdís Hrönn Hafsteinsdóttir, einn af þremur alþingismönnum Framsóknar í Suðurlandshéraði.

Mikill sómi er af þessu félagsstarfi Framsóknar. Vöflukaffin eiga langa og virðingarverða sögu í mannlífi Suðurlands.

Björn Ingi Bjarnason,
Eyrarbakka,
Forseti Hróttavínafélagsins
Örvars á Suðurlandi.



DAGSKRÁIN

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, dfs.is.
Ritstjóri: Björgvín Rúnar Valentínsson, sími 482 1944, dfs@dfs.is.
Bláðamaður: Elín Hrönn Jónsdóttir, sími 856 0673, hronn@dfs.is.
Auglýsingaeld: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.
Dagskráin kemur út á hverjum fimmtudegi. Upplag 5.000 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á þriðjudögum.
Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.
ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Visnagátur-höf:
Páll Jónsson
Útg. Bókautgáfan HÖLAR

Í þær bitu óðir menn,
oft á jakkafötum.
Nöglum mínum undir enn,
einn í burt, þær verpa senn.

Svar við gátu í blaði 2770: HELLA



Sunnlenski matgæðingurinn



Viktor Hólm er matgæðingur vikunnar.

Ég þakka Möttu fyrir að setja traust sitt á mig að vera sunnlenski matgæðingurinn og koma með uppskrift fyrir lesendur. Það sem mig langar að koma með er milljón dollara spaghetti, eitthvað sem er auðvelt, flestöllum þykir hinn besti matur og er mikið borðaður á mínu heimili.

Milljón dollara spaghetti

450 gr nautahakk (eða 1 bakki)
1 dós pastasósa
225 gr rjómaostur
¼ bolli sýrður rjómi
225 gr kotasæla
110 gr smjör
225 gr spaghetti
Rifinn Cheddar

Hitið ofninn í 180°C. Sjóðið spaghetti og hrærið svo saman með rjómaosti, sýrðum rjóma, og kotasælu þegar spaghettinu er tilbúið. Passa að hræra vel. Steikið hakkið á pönnu og kryddið eftir smekk. Þegar hakkið er klárt má hella vökvanum. Því næst er pastasósunni hella yfir og láta sjóða við vægan hita í smá stund. Leggið smjörklípur í botninn á eldföstu móti (ef smjörrið er kalt er gott að nota ostaskera í

Sá sem ég skora á er nú ekki af verri endanum, en það er einn af stjörnukokkum Suðurlands, Einar Björnsson, sem hefur mallað mömmumat ofan í Sunnlendinga undanfarin ár. Yfir til þín Einar.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Ný listaverk í Vélsmiðju Suðurlands

Ólafur Sveinsson, listamaður, hefur hengt upp nokkrar blýantsteikningar í Vélsmiðju Suðurlands á Selfossi. Teikningararnar eru af gömlum farartækjum þar sem þau standa úti í íslensku náttúru, án þess þó að sjáist hvar. Hvert farartæki, eins og myndirnar, segir sína sögu sem ekki er endilega vitað hver er, en þar fær ímyndunaraflíð að

njóta sín. Verkin eru rómantískt, félagslegt ryðgað raunsæi. Sýningin er liður í því að gera list aðgengilegri í almennum rýmum og vinnustöðum. Eins hafa verið gerðar tilraunir með listasýningar á dekkja- og bifreiðaverkstæðum. Sýningin er opin á opnunartíma Vélsmiðjunnar. Öll verkin eru til sölu.



BYKO
GERUM ÞETTA SAMAN

-20%
AF PARKETI,
FLÍSUM OG
MOTTUM

Gerum huggulegt



-20%
AF PARKETI



-20%
AF FLÍSUM



-20%
AF MOTTUM

BYR
FASTEIGNASALA

ELÍN KÁRA
Löggiltur fasteignasali

Skannaðu kóðann og skoðaðu allar eignirnar sem við höfum á sölu!

483-5800
byr@byrfasteignasala.is
www.byrfasteign.is



prentmet
heildarlausnir í prentun

Umbúðir Almenn prentun Bækur
Límniðar Stimplar


Eyravegi 25, 800 Selfoss | Sími 482 1944 | selfoss@prentmetoddi.is | www.prentmetoddi.is

Samband íslenskra sveitarfélaga

Vissir þú

að sveitarfélögin niðurgreiða 90% af kostnaði við leikskóla í landinu?

Sveitarfélagið þitt vinnur fyrir þig. Kynntu þér starfsemi sveitarfélaganna á samband.is



Undirliggjandi minni í Félagslundu í Flóahreppi

Myndlistarverkið *Undirliggjandi minni* eftir Ólaf Svein Gíslason verður sýnt í félagsheimilinu Félagslundu í Flóahreppi frá 5. til 20. október 2024. Opíð verður daglega frá kl. 15:00 til 19:00 og eftir samkomulagi í síma 661-0146. Sýningaropnun er 5. október kl. 15:00. Allir velkomnir.

Undirliggjandi minni er leikið kvikmyndaverk sem byggt er á æskuminningum þriggja einstaklinga sem ólust upp í Flóahreppi, áður Gaulverjabæjarhreppi. Bernskuminningar liggja oft á mörkum þess ómeðvitaða, það er ekki alltaf ljóst hvað er frásögn annarra og hvað er eigin upplifun. Það geta verið ljósmyndir, staðir eða hlutir sem bera með sér frásagnir og sögur sem eru forsendur eigin minninga. Þegar grannt er skoðað eru eigin minningar til staðar, tilfinningaleg skynjun umhverfisins. Hvert er samband innri og ytri veruleika? Persónulegur reynsluheimur er viðfangsefni verksins en jafnframt hvar hverfuleiki og mörk minninga liggja.

Þátttakendur eru:

Guðjón Helgi Ólafsson
frá Ásgarði
Valdimar Elí Viðarsson
Anný Ingimarsdóttir
frá Vorsabæjarhjáleigu
Ottó Ingi Annýjarson
Margrét Jónsdóttir
frá Syðri-Velli
Kristjana Ársól Stefánsdóttir
Ásgerður Saga Stefánsdóttir

Minningar þátttakendanna tengjast á áhugaverðan hátt í fjósum tímans um og eftir 1970, þar sem miklar breytingar áttu sér stað í búskaparháttum. Upplifanir af bústörfum og heimilisfólki, kúm, fjósaköttum og mús-um vega þungt í huga barnsins. Þannig er fjósið ákveðin þungamiðja verksins og var að hluta kvikmyndað í fjósinu í Gaulverjabæ. Svið kvikmyndarinnar er jafnframt utandyra, á stöðum sem tengjast eigin minningum þátttakenda, í heimabæjum og oftast við aðstæður þar sem hús, munir og fólk er horfið af vettvangi þess viðfangsefnis sem fjallað er um.

Einstaklingarnir þrír, sem eru uppspretta verksins, leika einnig í kvikmyndinni ásamt börnum sem þeim tengjast, þeirra eigin



Ólafur Sveinn Gíslason.

börn eða þeim nákomnir. Börnin eru miðlar inn í bernsku fullorðna fólksins í verkinu. Þau framkalla hugmyndir um framtíðina með viðveru sinni, ásamt því að vera útvíkkun þeirra sjálfs, eigin minninga þess fullorðna.

Félagsheimilið Félagslundur er hluti af sögusviði verksins, þar sem það hefur verið samverustaður þessa samfélags í langan tíma. Það er mikilvægur þáttur verksins að sýna það í tengslum við staðhætti og uppruna þeirra frásagna sem eiga sér stað í verkinu. Undirliggjandi minni er skipt upp í þrjár kvikmyndir: Djúpur rauður, Mjúkur brúnn og Léttur grænn sem mynda samhangandi þrískipt kvikmyndarymi. Tími og rými minninganna færast á milli kvikmyndanna þar sem ólík augnablik upplifana skarast og skapa nýja rýmisheild í Félagslundu.

Ólafur Sveinn Gíslason lauk námi úr skúlpúrdeild Myndlistar- og handíðaskóla Íslands árið 1983 og var við nám við Listaháskólann í Hamborg frá 1983-1988. Eftir nám starfaði hann að myndlist í Þýskalandi til ársins 2009, að verkefnum sem hafa verið sýnd í galleríum, listasöfnum og í opinberu rými víða í Evrópu og annars staðar. Það sem helst einkennir verk hans er hin félagslega vídd þar sem málefni og staðir eru mikilvægur grunnur. Einstaklingar sem notendur rýma er viðfangsefni út frá málefnum samfélagsins og listrænum nálgunarleiðum. Ólafur starfaði sem prófessor við Listaháskóla Íslands frá 2007 til 2016. Einnig hefur hann haldið fyrirlestra og kennt við listaháskóla víða í Evrópu.

Verkefnið er styrkt af Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, Myndstefi, Myndlistarsjóði og Flóahreppi.



VÍS

Velkomin í vöflukaffi

Við elskum að fá heimsóknir og þess vegna bjóðum við í vöflukaffi **föstudaginn 27. september kl. 13-15**. Rjúkandi heitt kaffi og nýbakaðar vöflur.

Hlökkum til að sjá ykkur!



VÍS Egilsstöðum, Miðvangi 2-4



Eiradag Kemur
heilsunni í lag



ÍSLENSKT

gjörir svo vel



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts

Skúla Ævarrs Steinssonar
Eyrarbakka,



sem lést 20. ágúst. Þeim fjölmörgu sem heiðruðu minningu Skúla við útför hans þökkum við hjartanlega. Sérstakar þakkir færur við feðgunum Birni Hilmarssyni og Hilmarí Björnssyni fyrir þá einstöku hlýju og nærgætni sem þeir sýndu Skúla þegar hann slasaðist við útreiðar 6. ágúst.

Svanhildur Magnúsdóttir,
börn, tengdabörn,
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginmaður, faðir, tengdafaðir, bróðir og tengdasonur,

EIRÍKUR RÚNAR EIRÍKSSON
húsasmíðameistari,
Friggjarbrunni 6
Reykjavík



lést af slysförum þriðjudaginn 17. september. Útförin verður auglýst síðar. Fyrir hönd aðstandenda,

Helga Helena Sturlaugsdóttir
Guðrún Eva Eiríksdóttir Axel Elí Axelsson
Birna María Eiríksdóttir og Moli

Félagsvist

Spilað verður á þriðjudagskvöldum í vetur kl. 20 í húsi byggðasafnsins Búðarstíg 22. Eyrarbakka Byrjum þriðjudagskvöldið 1. okt. Aðgangseyrir 1000 kr. Verið öll velkomin.

UMFE

Íþróttir

Sendist á dfs@dfs.is

Héraðsmót fatlaðra í golfi á Selfossi

Héraðsmót í golfi fatlaðra var haldið 16. september á Svarfhólsvelli á Selfossi.

Keppendur voru 7 og spilaðar 9 holur. Mót-ið gekk mjög vel en vegna veðurs var spilað í golfhermi.

Úrslit voru eftirfarandi:
Konur

1. Telma Þöll Þorbjörnsdóttir
2. María Sigurjónsdóttir
3. Sigríður Erna Kristinsdóttir

Karlar

1. Óskar Ingi Helgason
2. Árni Bárðarson
3. Bjarni Friðrik Ófeigsson



Verðlaunahafar ásamt hjálfara sínum Alex-öndru Eir Grétarsdóttur



Verðlaunahafar ásamt hjálfara sínum Alex-öndru Eir Grétarsdóttur

Íþróttavika Evrópu hafin

Íþróttavika Evrópu hófst í vikunni en hún fer fram dagana 23. - 30. september ár hvert.

Markmiðið með þessari viku er að kynna íþróttir og almenna heilsu.

Í tilefni vikunnar verður ýmislegt í boði í Árborg. Hægt verður að prófa hina ýmsu hreyfingu og fara á fróðlega ferðslu sem snýr að heilsu okkar.

Fyrsti fyrirlesturinn fer fram í kvöld, mánudaginn 23. september, þar sem dr. Erla Björnsdóttir

er mun fjalla um svefn og tengsl hans við næringu og hreyfingu.

Allir geta tekið þátt í þessari

skemmtilegu viku sem framundan er en frítt er á alla viðburði vikunnar.



Ungmennafélagið Hekla ræður framkvæmdastjóra

Bjarki Eiríksson hefur verið ráðinn til starfa sem framkvæmdastjóri Ungmennafélagsins Heklu í 50% starf. Ráðningin er tímabundin út maí 2025 með möguleika á framlengingu.

Bjarki er stúdent af íþróttabraut Menntaskólans að Laugarvatni og leggur stund á nám í almannatengslum við Háskólann á Bifröst. Bjarki hefur undanfarin ár starfað mest við sölu- og þjónustustörf. Samhliða störfum sínum hefur Bjarki tekið þátt í félagsmálum bæði innan og utan íþróttahreyfingarinnar. Bjarki er fæddur og uppalinn á Flúðum en er í dag búsettur á Hellu ásamt fjölskyldu sinni. Bjarki mun hefja störf 1. október næstkomandi.



Bjarki Eiríksson, verðandi framkvæmdastjóri og Ásthórn Jón Ragnheiðarson, formaður Umf. Heklu.

SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS



Uppbyggingarsjóður

óskar eftir umsóknum í sjóðinn



UMSÓKNARFRESTUR
1. OKTÓBER, kl. 16:00



NÁNARI UPPLÝSINGAR
www.sass.is/uppbyggingarsjodur

Smiðja og tónleikar með Ronald Heu í Listasafni Árnesinga

Í tengslum við samsýninguna Lífrænar Hringrásir í Listasafni Árnesinga er boðið upp á smiðju og tónleika með sænska tónskáldinu Ronald Heu.

Smiðjan er föstudaginn 27. september klukkan 15:00 og tónleikarnir laugardaginn 28. september einnig klukkan 15:00.

Viðburðirnir eru ókeypis.

Ronald Heu ólst upp í suðurhluta Svíþjóðar. Á unglingsárum sínum lék hann í ýmsum pönk- og óhefðbundnum hljómsveitum. Eftir menntaskóla lærði hann klassískan gítar við Royal Welsh College of Music and Drama í Cardiff þar sem hann útskrifaðist árið 2002. Með annan fótinn í pönkinu og DIY-nálgun þess og hinn í klassískri tónlist, byrjaði hann að semja og

árið 2016 kláraði hann sitt fyrsta kvikmyndatónlistarverk.

Árið 2018 samdi hann tónlistina fyrir margverðlaunaða jördönsku heimildarmyndina Tiny Souls eftir Dina Naser, sem síðan hún var frumsýnd árið

2019 hefur verið sýnd um allan heim.

Ronald Hue hlaut styrk frá Nordic Culture Point, Mobility Fund og styrkir Hveragerðisbær viðburðina einnig.



Auglýsing vegna skipulagsmála í Ásahreppi.



Fundarboð vegna opins íbúafundar þann 3. október 2024 kl. 19:00 að Laugarlandi.

Á fundi hreppsnefndar Ásahrepps þann 26. júní 2024 var samþykkt að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytinga á aðalskipulagi og nýju deiliskipulagi fyrir Ásmúla 1B og Ásmúla 1C í Ásahreppi. Landeigandi fyrirhugar að byggja upp ferðapjónustu á svæðinu þar sem boðið er upp á fjölbreytt gistirými, veitingapjónustu og baðtengda afþreyingu. Innan lýsingar kemur fram að stefnt sé að uppbyggingu á um 220 herbergja hóteli, allt að 165 stakstæðum smáhúsum og allt að 55 starfsmannaíbúðum innan lóðarinnar. Þar sem um afar umfangsmikla atvinnuuppbyggingu er að ræða sem getur haft töluverð áhrif á hagsmuni íbúa sveitarfélagsins, nágrennasveitarfélaganna og annarra hagsmuna- og umsagnaraðila var það mat skipulagsnefndar UTU og hreppsnefndar Ásahrepps að nauðsynlegt væri að kynna málið sérstaklega á opnum íbúafundi áður en lýsing verkefnisins færi í opinbera kynningu. **Skipulagslýsingu má nálgast á heimasíðu UTU <https://www.utu.is/> Fundurinn verður haldinn á Laugarlandi matsal, fimmtudaginn 3. október kl. 19:00**

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur og Hrunamannahreppur



Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

1. Aðalskipulag Grímsnes- og Grafningshrepps; Skilmálabreyting; Skógrækt og frístundabyggð; Aðalskipulagsbreyting - 2408047

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 4. sept. 2024 að kynna skipulagslýsingu sem tekur til breytingar á skilmálum aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps. Breytingin tekur til skógræktar innan skilgreindra landnotkunarflokka, svo sem landbúnaðarlands, opinna svæða og skógræktar- og landgræðslusvæða. Markmið breytingarinnar er að gera ítarlegri skilmála til að hafa bæði betri yfirsýn og stjórn á skógrækt, sem og skapa betra verkfæri til að takast á við og halda utan um skógræktaráform innan sveitarfélagsins til framtíðar. Auk þess er innan breytingarinnar fjallað um breytingar á skilmálum vegna uppbyggingar á frístundasvæðum.

2. Holtannafréttur; Búðarháls; Skilgreining efnistökusvæðis; Aðalskipulagsbreyting - 2405016

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 18. sept. 2024 að kynna skipulagslýsingu sem varðar skilgreiningu efnistökusvæðis á austanverðum Búðarhálsi, milli Tungnaár og vegarins að Sporðöldustíflu innan aðalskipulags Ásahrepps. Efnistökusvæðið er á gildandi deiliskipulagi Búðarhálsvirkjunar, merkt E8. Stærð námu verði 2,3 ha og heimiluð efnistaka allt að 49.000 m³.

3. Fell L177478; Landbúnaðarsvæði (Engjaholt) í verslun- og þjónustu; Aðalskipulagsbreyting - 2404070

Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 18. sept. 2024 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar, sem tekur til skilgreiningar á verslunar- og þjónustusvæði VÞ45 og frístundasvæðis F110 á Felli. Innan breytingarinnar er gerð ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu hótels og bygginga því tengdu alls um 8.500 fm fyrir allt að 200 gesti. Auk þess er gert ráð fyrir heimild fyrir 100 litlum gistihúsum til útleigu. Heildarbyggingarmagn slíkra húsa geti verið allt að 3.500 fm fyrir allt að 200 gesti. Auk þess er gert ráð fyrir heimild fyrir 15-20 íbúðum- útleigu og starfsmannahúsum á svæði norðan Biskupstungnabrautar.

4. Efra-Sel golfvöllur; Breyttur byggingarreitur og hótél; Aðalskipulagsbreyting - 2404066

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. sept. 2024 að kynna tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Efra-Sels í Hrunamannahreppi. Viðfangsefni aðalskipulagsbreytingarinnar er að fjölga herbergjum hótels/gjstheimilis á reit VÞ5. Aðalskipulagsbreytingin er forsenda fyrir breytingu á gildandi deiliskipulagi verslunar- og þjónustusvæðis við Efra-Sel. Innan gildandi aðalskipulags Hrunamannahrepps er gert ráð fyrir allt að 80 gistirúmum á allt að 5 ha svæði. Eftir breytingu verður gert ráð fyrir allt að 170 gistirúmum og allt að 5 ha svæði.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

5. Sandártunga; Skilgreining efnistökusvæðis; Aðalskipulagsbreyting - 2401008

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 5. júní 2024 að auglýsa tillögu aðalskipulagsbreytingar sem tekur til breytinga á skilmálum deiliskipulags Bústjóraabyggðar, frístundabyggðar í landi Miðengis. Í breytingunni felst að heimilt verði að stunda rekstrarleyfisskylda útleigu í flokki II innan svæðisins.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

6. Mýrar L166366; 8 smábýli; Deiliskipulag - 2405052

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundi sínum þann 17. sept. 2024 að auglýsa nýtt deiliskipulag fyrir Mýrar. Svæðið er skilgreint sem landbúnaðarland í flokki I-II í aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 og hefur ekki áður verið deiliskipulagt. Aðkoma að svæðinu er um Hamarsveg sem er tengivegur og vegtengingum kemur ekki til með að fjölga. Deiliskipulag þetta tiltekur 8 nýjar landspildur (smábýli) ásamt því að tiltaka byggingarreiti innan lóðanna.

7. Hlíð spilda; Frístundasvæði; Endurskoðað deiliskipulag - 2008063

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. sept. 2024 að auglýsa tillögu deiliskipulags sem tekur til skiptingu landsins, skilgreiningu byggingarreita og byggingarheimilda innan svæðisins. Við gildistöku skipulagsins fellur núverandi deiliskipulag svæðisins úr gildi. Tillagan byggir á deiliskipulagi fyrir svæðið sem samþykkt var árið 2000 en tók ekki í gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Afgreiðslu tillögunnar var frestað eftir auglýsingu en er nú tekin fyrir að nýju með uppfærðum gögnum.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Hverabraut 6, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni www.utu.is og á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna www.asahreppur.is, www.blaskogabyggd.is/, www.floahreppur.is/, www.gogg.is og www.fludir.is

Mál 1 - 4 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 26. september 2024 með athugasemdafresti til og með 18. október 2024.

Mál 5 - 7 innan auglýsingar eru skipulagsmál í auglýsingu frá 26. september 2024 með athugasemdafresti til og með 7. nóvember 2024.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Hverabraut 6, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið skipulag@utu.is. Bendum jafnframt á að málin eru aðgengileg á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar skipulagsgatt.is/.

Vigfús Þór Hróbjartsson
Skipulagsfulltrúi UTU

ÞJÓNUSTA



Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND



KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnsalur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf
skattskil

Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

ÝMISLEGT

GEYMSLA FYRIR BÚSLÓÐ

Vantar góða upphitaða
geymslu fyrir búslóð næstu
fjóra til fimm mánuði.
Hjórdís Inga 868 0999.

FÉLAGSSTÖRF



SKRIFSTOFA FEBSEL

Opin fimmtudaginn
26. september kl. 13:00-14:30

OPIÐ HÚS

Fim. 26. sept. kl. 14:45
Viðburðarstjórn fer yfir
dagskrá opinna húsa næstu
vikurnar.

Kaffi 200 kr.
Kaffi og kökur 1500 kr.

FUNDIR



Krabbameinsfélagið

OPNUNARTÍMAR

Mán. kl. 11-14
Opíð hús

Þriðjud. kl. 14-16
Unga fólkíð 18 til 50 ára

Miðvikudaga kl. 11-14
Opíð hús

Fimmtudaga kl. 11-14
Þrjúháttur byrjar í sept.

Föstudaga kl. 11-14
Opíð hús

Hægt er að panta viðtöl í
annan tíma ef þessir tíma
hentar ekki.

Allir viðburðir auglýstir á
Facebook-síðu Brosins.

Sími 482 1022 / 788 0300

Al-Anon Selfossi

Al-Anon fundir á þriðjudögum í
Hrishiolti 8. Nýliðafundur kl.
20:00. Fundur kl. 20:30.

Al-Anon

Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrishiolti 8, Selfossi.

AA

Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA opinn fundur
Sun. kl. 11 og 21 - AA fundur
AA Hrishiolti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

Polskie mitingi

Polskie mitingi aa grupa krokus.
Poniedzialek i czwartek i sobota
godzina 19:00. Hrishiolt 8 - 800
Selfoss.

AA Sporgöngufólk f. alla

Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla

Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA

Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters anonymous alla
þriðjudaga kl. 19 Hrishiolti 8.

CoDA

Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrishiolti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

CoDA-fundur / Meðvirkni
Bókasafn Ölfuss, Hafnarbergi 1,
Þorlákshöfn
Miðvikudaga kl. 19:30.

Leiðin út á þjóðveg

Fundur í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

HEILSA

Dáleiðsla - Heilsa

Dáleiðsla til að finna rót
vandamála líkamlegra sem
andlegra.

Dáleiðsla til skemmtunar
m.a. til að sjá líðna atburði
og jafvel fyrri lífi! - Hvar varst
þú í fyrra lífi?

Einkatímar, en einnig er
hægt að bóka fyrir hópa í
heimahúsum.

Einnig augnlestur, heilsuráðgjöf,
nudd og svæðanudd.

Bókanir á
heilsulindheidars@simnet.is
eða í síma 898 1501 (SMS)

Heiðar Ragnarsson

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn með-
höndlun



Jákvæðar
hugsnið breyta
deginum



Ragnhildur
Sigurðardóttir
Sími 693 2197
ragnhildurgagga.is

Cand.mag. í fjárfraeðum,
nálastungur, yoga,
NLP-master/coach,
heilsuuddari,
Hugræn atferlismeðferð,
meta medicine.

Þjáist þú af einhverju eftirfarandi:

Svefnvandamál • Fælni
Fíkn • Krónískir verkir
Fortíðar draugar • Áföll
Gömul áföll
Kvíði • Þráhyggja

Bæta andlega líðan

Bæta árangur í námi

Hugræn endurforritun

Dáleiðsla, heilun,
samtalsmeðferð

Svandís Birkisdóttir
svandisb@gmail.com
Sími 835 8555



KIRKJA

Eyrarbyggakirkja

Barna- og fjölskyldumessa sun.
29. sept. kl. 11. Umsjón hafa sr.
Gunnar Jóhannesson og Sjófn
Þórarinsdóttir æskulýðsfulltrúi.

Selfosskirkja

Harmonikkumessa sun. 29.
sept. kl. 14 með harmonikkus-
veit Suðurlands. Sveitin spilar
þekktu sálma og dægurlög. Sr.
Gunnar Jóhannesson þjónar
fyrir altari og flytur hugleiðingu.

Skálholtsdómkirkja

Messa hvern sunnudag kl. 11.
Sr. Kristín Þórunn Tómasdóttir
prédikar og þjónar ásamt með-
hjálpara og djákna Bergþóru
Ragnarsdóttur. Jón Bjarnason
leikur á orgel og leiðir kröftugan
safnaðarsöng.



STOFNAÐ
25. JÚNÍ 2002

FÉLAGSFUNDUR

Almennur félagsfundur, Bárunnar, stéttarfélags
verður haldinn að Austurvegi 56, Selfossi, 3. hæð
mánudaginn 30. september nk. kl. 18.00.

Fundurinn byrjar með kjötsúpu í boði Bárunnar,
stéttarfélags.

Dagskrá:

1. Kosning fulltrúa á Þing Alþýðusambands
Íslands 16. til 18. október 2024.
2. Nýir orlofshúsakostir.
3. Nýr félagsvefur.
4. Önnur mál.

Félagar látum okkur málin varða,

Stjórn Bárunnar, stéttarfélags



Frá Árborgarprestakalli

Messur sunnudaginn 29. september:

Eyrarbyggakirkja kl. 11

Fjörug og skemmtileg barna- og fjölskyldumessa.
Sunnudagaskólinn á Selfossi verður með í för
og eru barnafjölskyldur sérstaklega hvattar til að
fjölmenna. Umsjón hafa sr. Gunnar Jóhannesson
og Sjófn Þórarinsdóttir æskulýðsfulltrúi.

Selfosskirkja kl. 14

Heimilisleg harmonikkumessa með
harmonikkusveit Suðurlands. Sveitin spilar þekktu
sálma og dægurlög. Sr. Gunnar Jóhannesson
þjónar fyrir altari og flytur hugleiðingu.

Þriðjudagssamvera 1. október kl. 14

Heimilisleg og notalega samvera í Selfosskirkju þar
sem við njótum þess að koma saman yfir heitum
kaffibolla. Gestur samverunnar að þessu sinni
verður nývígður biskup Guðrún Karls Helgudóttir.

Annað starf

Barna- og æskulýðsstarf er á dagskrá í
Selfosskirkju í hverri viku ásamt kórastarfi.
Foreldramorgnar eru alla miðvikudaga kl. 11.
Bænastundir eru í kl. 10 alla miðvikudagsmorgna
og kl. 12 á alla þriðjudaga. (Sjá nánar heimasíðu og
facebook síður kirkjunnar).

Verið öll velkomin!

Hannyrðahornið

Fjallavettlingar

Uppskrift: Póra Þórarinsdóttir



Hannyrðabúðin
Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



Fjallalopi er ný lopaafurð frá Istex, áferðarfallegt garn sem gaman er að þrjóna úr. Fjallalopi er finni en léttlopi en grófari en einband og fæst í 28 falletum litum. Við stóðumst ekki mátið að prófa garnið og skelltum í eina vettlinga og erum mjög ánægðar með útkomuna. Garnið leggst fallega og mýkist við þvott. Uppskriftin er í þremur stærðum; barna - dömu og herra.

Efni: 1-1-2 dk Fjallalopi, sokkaprjónar no 3,0.

Mynstur: Mynsturbekkur hleypur á 6 - 8 - 10 umferðum. Sjá mynstur til hliðar.

Tákn: Auður reitur - slétt lykkja x - brugðin lykkja o - sláid upp á þrjóninn * - þrjónið 3 l saman, þannig að fyrsta er tekin óþrjónuð, næstu tvær þrjónaðar saman og fyrstu lykkjunni steyp yfir.

Uppskrift: Fitjið upp 44-48-52 l á þrjóna no 3,0. Þrjónið stroff; 2 sl, 2 br 20-24-26 umferðir.

Í næstu umferð eru þrjónaðar 3-4-5 sl, 2 br, 13-15-17 sl, 2 br, 24-25-26 sl. Næstu umferðir eru þrjónaðar sléttar nema yfir handarbakið þar sem er þrjónað skv. mynsturteikningu. Athugið að þegar 4-5-6 umferðir eru komnar byrjar útaukning fyrir þumli.

Vinstri vettlingur: Aukið er út alls 3-4-5 sinnum með 3-4-4 umf á milli. Þrjónið 1 sl, lyftið bandinu á milli lykkna fyrir neðan, krossið það til hægri og þrjónið slétta, þrjónið áfram skv mynstri þar til 1 l er eftir af umferðinni, lyftið þá bandinu á milli lykkna fyrir neðan, krossið til hægri og þrjónið slétta. Í næstu útaukningu eru þrjónaðar 2 l áður en aukið er út og



gerðar á sama hátt nema hvað nú eru þær vinstra megin á vettlingnum. Þá eru þrjónaðar 2-3-4 l sl eftir mynsturbekkin, aukið út, 2 sl og aukið út. Að útaukningu lokinni eru 8-10-12 l settar á hjálparnælu og 2 l fitjaðar upp í þeirra stað. Þrjónið áfram mynsturbekk en byrjið að taka úr eftir 4-5-6 bekk. Tekið er úr í annarri hverri umferð 3-3-4 sinnum en svo í hverri umferð. Úrtakan er gerð þannig; þrjónið 1 sl, takið næstu l óþrjónaða, þrjónið 1 sl og steypið óþrj l yfir. Þrjónið áfram skv mynstri, svo 1-2-3 sl, 2 sl saman, 2 sl takið næstu l óþrjónaða, þrjónið 1 sl og steypið óþrj l yfir, þrjónið þar til 3 l eru eftir á þrjóninum, þrjónið þá 2 l saman og 1 sl. Þegar 8 l eru eftir eru 2 og 2 l þrjónaðar saman út umferðina, garnið slítið frá og dregið í gegnum lykkjurnar sem eftir eru.

Þumall: Færið þumallykkjurnar af nælunni á sokkaprjóna og takið upp 4 l í vikum. Þrjónið slétt þar til þumall mælist 5,5-7-8 sm. Fellið þá af með því að þrjóna 2 l saman, 4-5-6 sl, 2 l saman, 4-5-6 sl. Í næstu umferð er einni lykkju færri milli úrtaka, og svo enn einni færri þar til 4 l eru eftir, slítið þá garnið frá og þræðið í gegnum lykkjurnar. Gangið frá endum, þvoðið úr mildu sápuvatni og njótið vettlinganna.

seinni útaukning þegar 2 l eru eftir á þrjóninum. Þannig bætist ein lykkja við hvoru megin við útaukningarnar. Þrjónið 2 umf eftir útaukningu, setjið þá þumallykkjurnar 8-10-12 á hjálparnælu og fitjið um leið upp 2 l í þeirra stað. **Hægri vettlingur:** Útaukningar eru

x	x																	x	x
x	x					o	*	o										x	x
x	x																	x	x
x	x					o	*	o										x	x
x	x																	x	x
x	x					o	*	o										x	x

Barnastærð

x	x																	x	x
x	x					o	*	o										x	x
x	x																	x	x
x	x					o	*	o										x	x
x	x																	x	x
x	x					o	*	o										x	x
x	x																	x	x
x	x					o	*	o										x	x

Dömustærð

x	x																	x	x
x	x					o	*	o										x	x
x	x																	x	x
x	x					o	*	o										x	x
x	x																	x	x
x	x					o	*	o										x	x
x	x																	x	x
x	x					o	*	o										x	x

Herrastærð



Allar uppskriftir Hannyrðahornsins eru aðgengilegar inni á DFS.is



Efla málproska og læsi barna með nýjum verkefnapakka

Orðalæsi er nýr rafrænn pakki, hugsaður fyrir talmeinafræðinga, kennara, sérkennara, þroskajálfa og foreldra í vinnu með börnum með málproskavanda og börnum sem læra íslensku sem annað mál.

Höfundar Orðalæsis eru talmeinafræðingarnir og Sunnlendingarnir Anna Berglind Svansdóttir og Álfhildur Þorsteinsdóttir. Upphaflega voru verkefnið gerð til eigin nota í talþjálfun með skjólstæðingum, þar sem mikil vöntun var á efni fyrir miðstig í grunnskóla og upp í framhaldsskóla. Þegar verkefnum fjölgaði sáu höf-

undar að mögulega væri grundvöllur til að bjóða þau til sölu.

Orðalæsi er yfirgripsmikill verkefnabanki, hugsaður fyrir nemendur í grunn- og framhaldsskóla. Um er að ræða 30 fjölbreytt verkefni ásamt 30 heimaverkefnum.

Markmið verkefnanna er að styðja við málproska og læsi íslenskra barna og ungmenna sem eiga við vandamál að etja á því sviði. Hvert verkefni er u.þ.b. 40-80 mínútna langt.

Verkefni eru mismunandi en öll eiga þau það sameiginlegt að heiti og upphaf verkefnanna vísar í lesskilningsverkefni úr

Litabókunum á Skólavefnum. Þau eru útvíkkuð meðal annars með því að rýna í erfið orð og hugtök í textanum. Það er því kostur að vera með aðgang að Litabókunum af Skólavefnum en vel hægt að nýta verkefnið án þeirra.

Stærsti hluti verkefnisins inniheldur ýmis atriði sem efla málproska og læsi, svo sem: frásagnarhæfni, sögugerð, orðaforða, orðaröð, setningagerðir, málfræði, orðtök, málshætti, ljóð, orðflokka, spurningar og ýmislegt fleira.



Álfhildur og Anna Berglind.



Náttúran vel nýtt í Laugalandsskóla

Ívetur hefur nemendum á miðstigi í Laugalandsskóla verið boðið upp á útikennslu. Þar hefur verið lögð áhersla á að læra um skóginn sem er umhverfis skólann. Unnin hafa verið verkefni upp úr ferskum skógarnytjum – meðal annars með því að vinna tálguverkefni úti í náttúrunni auk þess sem nemendur fá fræðslu í skógarhirðu, plöntun, tröppu- og göngustígagerð. Markmiðið er að nýta skóginn

sem allra best í skólastarfinu og kenna krökkunum að hlúa að honum og grisja svo honum líði sem best.

Skólinn leitar til nærsamfélagsins með aðstoð við söfnun á verkfærum eða öðru sem hægt er að nýta í tímunum. Það sem vantar meðal annars eru Stunguskóflur, malarskóflur, kantskerar, járnkarl, hjólbörur, trjáklippur, sverðsög og keðjusög.

Ef einhver sitja á ónotuðum

verkfærum sem safna ryki og taka pláss þá væri skólinn glaður að gefa þeim nýtt líf.

„Eins væri gaman ef einhverjir liggja á efniviði eins og trjádrumbum eða öðru sem gæti nýst í að útbúa sæti, skjól eða hús, þá erum við með stór og mikil markmið um að búa okkur til aðstöðu sem getur nýst okkur sem fjölbreytt útikennslusvæði,“ segir í tilkynningu frá skólanum.



Náttúruverndarstofnun með höfuðstöðvar á Hvolsvelli



Guðlaugur Þór, umhverfis- og loftlagsráðherra kom ásamt gestum á skrifstofu sveitastjórnar Rangárþings eystra í vikunni til að kynna nýja stofnun sem staðsett verður á Hvolsvelli. Náttúruverndarstofnun verður með höfuðstöðvar í ráðhúsi Rangárþings eystra og munu alls 75 starfsmenn

vinna hjá stofnuninni víðsvegar um landið. Þá var líka sagt frá því að Gestur Pétursson yrði nýr forstjóri Umhverfis- og orkustofnunar.

Sveitarstjórn Rangárþings eystra hefur talað fyrir störfum án staðsetningar og flutningi ríkisstofnana út á land árum saman og nú er þessi nýja stofnun orðin

að veruleika í sveitarfélaginu.

„Við erum búin að tala um það í áraraðir og tala fyrir þessu að færa ríkisstofnanir út á land og festa störf úti á landi. Þannig að við erum alsæl með þetta og hlökkum til að fá Náttúruverndarstofnun hingað til okkar,“ segir Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings eystra.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

BRACN AF VINÁTTU!
BYKO Selfossi

PÚLSINN
Raf & kæliþjónusta
Kæli & Frystikerfi
Viðgerðir · Þjónusta
Nýsmíði · Rafmagn
Sími: 760-5670 · pulsinn@pulsinn.com

ÖKULAND
Endurmenntun
atvinnubilstjóra
Akstursþjálfun
okuland.is

LAGNIR
ALHLIÐA PÍPULAGNINGA
VERKTAKAR
Eyjólfur - Sími 888 8001
Guðjón - Sími 888 8002
800lagnir@800lagnir.is

**VÉLSMÍÐJA
SUÐURLANDS ehf**
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmiði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

**STÍFLULOSUN
SUÐURLANDS**
Lagnamyndun
Rótarhreinsun
Stíflulosun
Lagnafóðrun
Sími 510 1180
Hellismýri 14 - 800 Selfossi

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bíluúðskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

Pípulagnir Júlla
Persónuleg þjónusta
Nýlagnir - Endurlagnir - Viðgerðir
Sími 772 1456 - ornja@btnet.is - www.pipulagnirjulla.is

Lagnþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is